

Borgarstjórn
4. september 2018

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um viðbragðaáætlun um loftgæði

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að endurskoða viðbragðsáætlun um loftgæði. Sérstök áhersla verði lögð á að leita nýrra leiða til að draga úr uppsprettu svifryks, í hvaða tilvikum skortir lagastoð til að sporna við þeim, rýna hvaða heimildir sveitarfélög hafa til þess að vernda íbúa fyrir margs konar loftmengun og hvaða færur leiðir eru áhrifaríkastar til þess. Þá verði sérstakt mat lagt á hvað þurfi til að ná því markmiði loftgæðaáætlunar ríkisins að fækka ótímabærum dauðsföllum úr 80 í 5 á ári.